




Háteigur



11. árgangur 3. tbl.

27. mars 2007

GLEÐILEGA PÁSKA!

<http://www.hateigsskoli.is>

Frá skólustjóra

Ágætu lesendur

Nú líður senn að páskaleyfi og hvet ég alla til að nýta það vel til hvíldar og endurnýjunar. Mér finnst ótrúlegt hvað skólaárið líður hratt og ég veit ekki hvort það er aldurinn sem villir um fyrir mér eða hreinlega að nútíminn er svona hraður. Það er því gott að eiga Háteig að til að rifja upp og lesa um allt sem okkur hefur tekist að gera. Undanfarinn mánuð hefur margt frásagnarvert gert. Íþróttahátíðir á yngsta- og miðstigi voru sérstaklega ánægjulegar fyrir alla og enn hvetja margir kennarar til þess að við verðum með þessar hátíðir tvisvar á vetri. Íþróttahátíðir fara þannig fram að íþróttasalum er breytt í skipulagt leiksvæði með margskonar þrautum og æfingum. Þá er kennurum og eldri nemendum skipt á milli svæða til að allt fari vel og skynsamlega fram. Íþróttakennarar stjórna skiptingum á milli svæða. Þetta samspil eykur samheldni alls hópsins og gefur eldri nemendum tækifæri til að reyna sig við stjórnun. Þetta eru einstakir gleðidagar.

Ég vil sérstaklega lofa nemendaráðið sem vann vel að einu af mikilvægum baráttumálum sínum sem er skíðaferðin. Eins og margir vita voru skíðaferðir fyrir 5. til 10. bekkina á skóladagatali þangað til fyrir nokkrum árum en trúlega var síðast farið á skíði árið 2001. Eftir að skíðaferðir féllu niður vegna snjóleysis í mörg ár í röð voru þær teknar út af dagatalinu okkar. Það er flókið að skipuleggja skíðaferð. Því miður tókst ekki að koma skíðaferðinni á nú í ár þar sem einungis um 61% nemenda á unglingsstigi staðfestu þátttöku. Við höfum sett það skilyrði að um 80% yrðu að vilja fara. Ástæðan fyrir þessu er sú að skólinn getur ekki fellt niður starf hjá þeim sem ekki fara. Því er ekki einfalt að gera hvoru- tveggja að skipuleggja flókna skíðaferð og setja saman námsdagskrá með þeim sem heima sitja. Vandinn er þeim mun stærri sem fleiri eru heima. Allt ferlið fór vel fram og í góðri samvinnu við nemendur. Vonandi er snjórinn þennan vetur vísbending um það sem koma skal.

Nú stefnir í glæsilega árs hátíð unglingsstigs og ánægjulegt að fylgjast með metnaðarfullum undirbúningi nemenda sem einnig hafa gengið vel um skólann sinn á

sama tíma. Það má alveg koma hér fram að við erum afar ánægð með unglingana í Háteigsskóla. Við förum í gegnum forvarnarverkefnið Marita með öllum unglingum skólans í mars og fengu foreldrar einnig tækifæri til að kynna sér verkefnið en fleiri hefðu mátt koma á þá kynningu.

Ekki verður skilið við marsmánuð án þess að minnst sérstaklega á Stóru upplestrarkeppnina. Þegar þetta er skrifað eigum við eftir að keppa í lokakeppninni í Háteigs- kirkju sem verður fimmtudaginn 29. mars. Ég hvet alla foreldra í 7. bekk til að mæta og fylgjast með skemmtilegri keppni og reyndar alla þá sem hafa gaman af upplestri.

Ef við miðum við þessa daga núna rétt fyrir páska bendir allt til þess að snjór verði í fjöllum í nágrenni Reykjavíkur um páskana. Ég get því ekki annað en hvatt alla til úti- vistar og snjóleikja og sérstaklega þá sem vildu bregða sér á skíði um miðjan mars.

Gleðilega páska

Ásgeir Beinteinsson, skólustjóri

P Á S K A L E Y F I

Páskaleyfi er frá 2. – 10. apríl. Kennsla hefst aftur samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 11. apríl.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna fór fram 27. febrúar sl. og í þetta sinn tóku 24 nemendur unglingsdeildar Háteigsskóla þátt í keppninni, en alls tóku 330 nemendur þátt í keppninni í MR frá átta grunnskólum. Þetta er mesti fjöldi keppenda frá okkur enn sem komið er.

Þau sem komust í hóp 10 efstu í hverjum árgangi var boðið til verðlaunaafhendingar í MR sl. sunnudag. Þar var vel tekið á móti okkur með góðum veitingum.

Frá Háteigsskóla var boðið 5 nemendum:

Áslaug Haraldsdóttir og Bergsteinn Már Gunnarsson 10. bekk, Guðrún Elín Jóhannsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir 9. bekk og Ásgeir Tómas Guðmundsson 8. bekk.

Bestum árangri af okkar fólki náði Valgerður Bjarnadóttir, sem náði fjórða sæti í sínum árgangi, en þetta er annað árið í röð sem hún nær fjórða sæti. Helgi

Baldursson

Árshátíð og íþróttahátíð unglíngastígsins

Á morgun, miðvikudag 28. mars, er bæði íþróttahátíð og árshátíð unglínganna. Íþróttahátíðin stendur frá kl.10:10 og fram að hádegismat. Eftir íþróttahátíð er kennsla samkvæmt stundaskrá. Árshátíðin er haldin í Ársölum sem er salur á Broadway. Hún hefst með borðhaldi kl. 20:00 og lýkur kl. 24:30. Að árshátíð liðinni verður nemendum ekið inn í hverfið, að bílastæði skólans. Daginn eftir er svo frí í tveimur fyrstu kennslustundunum og mæta því nemendur unglíngastígs kl. 10:10.

Leikhúsið og unga fólkið

Nýliðinn febrúarmánuður var mánuður unga fólksins í Borgarleikhúsinu. Af því tilefni bauð leikhúsið nemendum úr Háteigsskóla, Borgarholtsskóla og leiklistardeild Lista-háskólans að kynna leikhúsinu og vinna á fjórum vikum frumsamin verk sem sýnd voru í Borgarleikhúsinu.

Ákveðið var að beina sjónum að ungu fólki og komast að því hversu nútímalegur leikhúsmiðillinn er í þess augum og hvernig hann höfðar til þess.

Krakkarnir ákváðu að Netið yrði umfjöllunarefni í öllum þremur verkunum enda er það helsta afþreying unga fólksins í dag. Hver hópur fékk fjórar vikur til að semja og vinna hvert verk sem er ekki meira en hálf tími á lengd. Þetta voru því ekki tilbúin verk heldur frekar sýn á það hvernig þau vilja sjá leikhúsið.

7. bekkur í Háteigsskóla ákvað að leikritið þeirra tengdist fimm reglum um það hvernig á að haga sér á Netinu en reglurnar eru t.d.: „Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig og passaðu hvað þú skrífir á Netið því það sjá það allir.“ Hóparnir skiptu sér í fjóra hópa með um fimm mínútna leikþætti hver og notuðu nemendur grímur m.a. til að koma boðskapnum á framfæri. Sýningin tók mjög vel og voru allir sammála um að hér væri að finna marga af framtíðarleikurum landsins. Rannveig Porkelsdóttir leikstjóri og leiklistarkennari.

Börn hjálpa börnum

5. bekkingar tóku þátt í árlegu söfnunarátaki ABC barna-hjálpar í samstarfi við grunnskóla landsins. Söfnunarféð rennur til hjálpar börnum í Pakistan og Kenýa. Ef vel safnast verður börnum í Úganda einnig liðsinnt en þar er einnig brýn þörf á aðstoð.

Þrautakeppni Flatar

Allir bekkir á unglíngastígi tóku þátt í þrautakeppni Flatar, samtökum stærðfræðikennara, sem haldin var á degi stærðfræðinnar 2. febrúar síðastliðinn.

Stóra upplestrarkeppnin

Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar lauk í Háteigsskóla lauk miðvikudaginn 21. mars. Ásrún Mjöll Stefánsdóttir og Lís Margrét Jónsdóttir lentu í fyrsta og öðru sæti og keppa því fyrir skólans hönd á lokahátíð keppninnar sem haldin verður í Háteigskirkju fimmtudaginn 29. mars kl. 16:00. Til vara voru valin Edda Sveinbjörnsdóttir og Alexander Örn Júlíusson.

Tumi og fjársjóðurinn

Í 2. bekk er verið að leggja lokahönd á söngleikinn Tuma og fjársjóðurinn. Þetta er þróunarverkefni á vegum Ólafs B. Ólafssonar kennara í Óskjuhlíðarskóla og hefur hann unnið þetta með okkar kennurum, Inga og Sigrúnu, í vetur. Í þessum söngleik er lögð áhersla á vináttu og að vera góður við aðra, líka dýrin, segja 2. bekkingar. Á morgun verða þrjár sýningar, tvær í Óskjuhlíðarskóla og svo bekkjarskemmtun hér. Við vonum svo að fleiri fái tækifæri til að sjá söngleikinn.

Verðmæti

Margoft hefur verið brýnt fyrir nemendum að vera ekki með verðmæti með sér í skólanum. Geri þeir það hins vegar er það alfarið á eigin ábyrgð og er skólinn á engan hátt ábyrgur fyrir verðmætum sem skemmast eða hverfa. Nemendur á unglíngastígi eiga þess kost að leigja sér læsta geymsluskápa. Að hluta til á þetta við um nemendur miðstígs sem geta einnig fengið skápa ef einhverjir eru lausir eftir að búið að úthluta til nemenda unglíngastígsins. Í skápunum er hægt að geyma það sem ekki er æskilegt að liggja á glámbekk. Meðan á íþróttatímum stendur geta nemendur fengið að geyma verðmæti hjá baðvörðum.

Hverfi verðmæti hins vegar hér í skólanum eða íþróttahúsi er eftir fönngum reynt að aðstoða við lausn á slíkum málum en því miður er í mörgum tilfellum á ónógum upplýsingum að byggja og niðurstaða því engin. Það eru því eindregin tilmæli til foreldra og nemenda að símar, hvers konar hljómflutningstæki og önnur viðlíka verðmæti sem hægt er að vera án við skólustarfið séu skilin eftir heima. Fingralangir eru því miður víða á ferðinni og um að gera að freista þeirra ekki.

Fleiri fréttir frá 7. bekk

7. bekkingar dvöldu í skólabúðunum á Reykjum í vikutíma fyrir stuttu síðan. Umsjónarkennararnir, þær Lilja og Jóna Guðrún, tóku sig til og settu „blogg“ ásamt myndum á netið um dvölinna. Skemmst er frá því að segja að allir stóðu sig sérlega vel og voru sjálfum sér og skólanum til sóma. Kennararnir eru líka sérlega þakklátir frábærum foreldrum fyrir samveruna og ómetanlega hjálp.

Saga frá páskum

Einu sinni var stelpa sem hlakkaði svo mikið til páskanna. Svo þegar páskarnir byrjuðu fór hún strax úr rúminu og hljóp fram í svefnherbergi til mömmu og pabba og sagði, „mamma, mamma, pabbi, pabbi, það eru komnir páskar!“ Mamman og pabbinn stóðu upp og sögðu, „hverju bíðurðu eftir, byrjaðu“ og stelpa byrjaði að leita. Loksins fann hún það. Það var í þvottavélinni. Svo opnaði hún það og vitið þið? Það var ungi í páskaegginu. Mamman og pabbinn öskruðu! Eldey Ósk Mánadóttir, 4. bekk

∞ Spakmæli mánaðarins: ∞
Gleðstu yfir lífinu
því það gefur þér tækifæri til að elska,
til að starfa og til að leika þér –
og til að horfa á alstirndan himininn.